

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. júní 2010
Tilvísun: UST20100500150/bs

Tilkynning um neysluvatnslögn Flóahrepps, frá Selfossi að Ruddakróki -umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 26. maí sl. þar sem óskað er umagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Heildarlengd vatnsleiðslunnar er 13.8 km. Þar af eru um 10.6 km nýjar eða endurnýjaðar lagnir.

Framkvæmdasvæði verður að stærstum hluta innan veghelgunarsvæðis Suðurlandsvegjar. Ný lögn er fyrirhuguð á tæplega 3 km kafla frá miðlunargeymi við Ruddakrök að þrýstidælu í landi Neistastaða.

Fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við Suðurlandsveg hefur þegar verið raskað nokkuð.

Fyrirhuguðu nýlögn fer um gróið land, mólendi og framræst mýrlendi, holt og ása.

Framkvæmdin er ekki á svæði á náttúruminjaskrá. Hún mun ekki hafa áhrif á jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar. Framkvæmdasvæði við Suðurlandsveg hefur þegar verið raskað. Nýlögn fer um svæði sem að hluta hefur verið raskað við framræslu. Ekki er talin þörf á vegi eða slóð á lagnaleið. Því ætti að vera unnt að ganga þannig frá yfirborði lands að framkvæmd lokinni að sýnileg ummerki verði hverfandi.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd neysluvatnslögn muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson

Ólafur A. Jónsson
Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri